



# **Fjölmenningarlegt samfélag og leiðir til fjölmenningarlegrar kennslu**

Jovana Schally

Sigrún Sigurbergsdóttir

Lokaverkefni til BA og B.Ed.-prófs  
Kennara- og Uppeldis- og menntunarfræðideild



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



# **Fjölmenningarlegt samfélag og leiðir til fjölmenningarlegrar kennslu**

Jovana Schally

Sigrún Sigurbergsdóttir

Lokaverkefni til BA og B.Ed-prófs í kennarafræði og uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Fjölmennningarlegt samfélag og leiðir til fjölmennningarlegrar kennslu

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA OG B.Ed-prófs  
í kennara- og uppeldis- og menntunarfræði.

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Jovana Schally og Sigrún Sigurbergsdóttir 2015

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentsmiðja

Reykjavík, 2015

## Ágrip (útdráttur)

Þetta er heimildaritgerð sem unnin er af nemendum af menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ritgerðin er lokaritgerð til BA- og B.Ed prófs í kennara- og uppeldis- og menntunarfræðum. Ritgerðin fjallar um fjölmennningarlegt samfélag og leiðir til fjölmennningarlegrar kennslu.

Megin tilgangur ritgerðarinnar er að skoða fjölmenningu í nútímasamfélagi ásamt því að öðlast betri sýn á áhrifum hennar á samfélagið í heild. Fjallað er um mikilvægi fjölmennningarlegrar kennslu og með henni fái allir nemendur kennslu við sitt hæfi sem stuðlar að sem bestum þroska hvers einstaklings ásamt því að skoða hvað þarf að vera til staðar í kennslu svo hún geti talist fjölmennningarleg. Einnig eru skoðaðar þær leiðir sem aðstoða innflytjendur við aðlögun að nýju samfélagi án þess að missa tengingu við sína upprunalegu menningu, þá er æskilegt að innflytjendur hafi greiðan aðgang að helstu upplýsingum og þjónustu nýja samfélagsins til þess að eiga kost á að geta tekið virkan þátt í því sem samfélagið hefur uppá að bjóða. Fjallað er um hlutverk trúarbragða í fjölmennningarlegum samfélögum ásamt nútímalegri trúarbragðafræðslu í skólum, þar sem fjölbreytileikinn í skólum landsins er orðinn mikill er þörf á fræðslu snemma á skólagöngunni til þess að einstaklingar geti þróað með sér fjölbreytilega hugsun. Mikilvægt er að innflytjendur hafi tækifæri til þess að viðhalda sinni trú, menningu og einkennum upprunalegu menningar en á sama tíma taka þau upp viðmið og gildi ríkjandi menningar. Þetta eru mikilvægir þættir til þess að allir hafa möguleik á að lifa í sátt og samlyndi í nútímasamfélagi.



## Efnisyfirlit

<b>Ágrip (útdráttur)</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>9</b>
<b>2 Fjölmening</b> .....	<b>11</b>
2.1 Fjölmeningarlegt samfélag .....	12
2.2 Móttaka innflytjenda .....	14
2.3 Móðurmál og tvítyngi .....	16
<b>3 Fordómar</b> .....	<b>19</b>
3.1 Staðalmyndir .....	20
3.2 Menning.....	22
<b>4 Skóli sem fjölmeningarlegt samfélag</b> .....	<b>25</b>
4.1 Skóli án aðgreiningar .....	27
4.2 Hlutverk trúarbragða í fjölmeningarsamfélögum.....	29
4.3 Trúarbragðarfræðsla.....	29
4.4 Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur .....	32
<b>5 Fjölmeningarleg kennsla</b> .....	<b>35</b>
5.1 Dæmi um kennsluaðferðir .....	38
<b>6 Lokaorð</b> .....	<b>45</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>49</b>





## Formáli

Við viljum þakka sérstaklega leiðbeinenda okkar Höllu Jónsdóttur fyrir góða leiðsögn og uppbyggjandi gagnrýni. Einnig viljum við þakka fjölskyldum okkar fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum nám okkar síðustu ár og Ingibjörgu Gunnardóttur fyrir yfirferð.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, \_\_\_\_\_. \_\_\_\_\_ 20\_\_

---



## 1 Inngangur

Samfélög nútímans eru að verða sífellt breytilegri þegar kemur að uppruna, menningu, tungumálum og trúarbrögðum. Þessi þróun á sér stað allstaðar í heiminum og er Ísland þar engin undanteking. Aukinn fólksflutningur á milli samfélaga er ekki nýtt fyrirbæri og eru ýmsar ástæður fyrir flutningum hvort sem þeir tengjast vinnu, námi, ævintýraleit, bágum efnahag, vopnuðum átökum eða öðrum atburðum. Með aukinni hnattvæðingu hefur fólk öðlast meira frelsi til að flytja á milli landa og hafa aukin viðskipti, fjölmiðlar og fleira gert það að verkum að nútímasamfélög eru orðin mun margbreytilegri en áður þekktist (Wyness, 2006). Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar voru erlendir ríkisborgara á Íslandi um 2% af íbúum samfélagsins og hefur þeim fjölgað töluvert í dag. Innflytjandi er einstaklingur sem ákveður að setjast að í nýju landi, það er aðili sem fæddur er í öðru ríki eða báðir foreldrar hans eru erlendir, þetta á einnig við um þá sem hafa einhverntímann á lífsleiðini verið með erlent ríkisfang. Börn þessarar aðila eru einnig talin innflytjendur hvort sem þau hafa fæðst hér á landi, báðir foreldrar erlendir eða börn sem eiga annað erlent foreldri og hitt íslenskt (Hanna Ragnardóttir og Rósa Guðbjartsdóttir, 2010). Niðurstöður rannsókna á búferlaflutningum til Íslands hafa sýnt að það er líklegra að fólk flytji snemma á fullorðinsárunum og eru flestir þeirra einhleypir eða fólk í sambúð með ungabörn og að dragi úr búferlaflutningum eftir 30 ára aldur þegar fólk er komið með fjölskyldu og eldri börn (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Aukin þekking á fjölmenningu hefur skapað nýtt fræðasvið sem snertir aðlögun og reynslu innflytjenda, út frá þessu hefur orðið mun fjölmenningarlegra skólustarf sem tekur tillit til allra nemenda af mismunandi uppruna og menningu (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Innflytjendur á Íslandi hafa allir það sameiginlegt að hafa annað móðurmál en íslensku, en móðurmál er það tungumál sem barn lærir fyrst, en hér á eftir verður farið yfir mismunandi skilgreiningar móðurmáls (Hagstofa Íslands, 2013).

Í fjölmenningarlegum númasamfélögum eru ýmsar spurningar sem beinast að menningarlegum réttindum minnihlutahópa, hvers vegna menning stendur ekki í stað og er oft á tíðum margbreytileg og hvort fjölbreytileiki hennar er tímabundinn eða varanlegur (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar var

samþykkt að allir íbúar samfélagsins hafi sömu réttindi óháð uppruna, litarhætti, þjóðerni, trúarbragða og fleira. Mikilvægt er að borin sé virðing fyrir ólíkri menningu innan samfélagsins og að allir hafi tækifæri til að viðhalda sínum uppruna (Reykjavíkurborg, 2013). Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum innflyjenda er sú að öllum innflyjendum séu tryggð jöfn tækifæri og að þeir verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Samfélagið þarf að geta brugðist við þessum breyttu aðstæðum á öllum sviðum þess hvort sem það er í skólakerfinu, vinnumarkaði eða annari þjónustu. Mikilvægt er að innflyjendur hafi tækifæri á að fá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir þau til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Við leggjum upp með eina aðalrannsóknarspurningu sem er: *Hvernig er hægt að bæta íslenskt samfélag og skólakerfi fyrir innflytjendur?* og erum við með tvær undirspurningar sem eru: *Hvernig er best fyrir íslenskt skólakerfi að taka á móti innflytjendum?* og *Hvernig getur skólinn tekið þátt í að viðhalda menningu erlendra barna?*

Í fyrsta kafla á eftir inngangi er hugtakið fjölmening skilgreint ásamt því að fjallað er um hvernig Ísland er orðið fjölmeningarlegra en áður fyrr, með auknum fólksflutningum. Talað er um fjölmeningarlegt samfélag og hvernig nútímasamfélög út um allan heim hafa orðið fyrir miklum breytingum hvað varðar uppruna, menningu, tungumál og trúarbrögð. Skoðað er hvernig tekið er á móti innflytjendum á Íslandi og skilgreind eru ýmis hugtök tengd fjölmeningu í nútímalegu samfélagi. Kaflinn þar á eftir fjallar um fordóma og hvernig er best að taka á þeim í samfélaginu ásamt því að tengja þá við mismunandi menningu. Fjórði kaflinn kemur inná skóla sem fjölmeningarlegt samfélag og hvernig mikilvægt er að aðlaga skólakerfið að þróuninni svo allir fái kennslu við hæfi. Í fimmta kafla er fjallað um fjölmeningarlega kennslu, þær breytingar sem hafa átt sér stað í skólasamfélaginu og hvaða þætti kennarar þurfa að fara eftir svo hægt sé að uppfylla meginlögmál fjölmeningarlegrar kennslu, en þau eru uppeldi til samkenndar, uppeldi til samstöðu, uppeldi til virðingar, uppeldi gegn þjóðernishyggju og uppeldi gegn fordómum. Í lokin eru helstu punktar og niðurstöður ritgerðarinnar dregnir saman.

## 2 Fjölmening

Fjölmening er hugtak sem er oftast ekki notað eitt og sér heldur er oft notað með öðrum tengdum hugtökum eins og „fjölmennningarlegt samfélag“, „fjölmennningarlegur skóli“ og þess háttar. Þegar talað er um fjölmenningu í þessu samhengi er talað um ólíkt fólk með margvíslega menningu sem býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli (Guðrún Pétursdóttir, 2006).

Með fólksflutningum hefur Ísland orðið fjölmennningarlegra en áður fyrr og hefur Reykjavíkurborg til dæmis sett sér ýmis markmið til að aðstoða innflytjendur við aðlögun að íslensku samfélagi. Helstu markmið Reykjavíkurborgar eru meðal annars:

- Að draga úr fordómum gagnvart innflytjendum
- Að innflytjendur geti nýtt sér þjónustu stofnana
- Að erlend börn geti nýtt sér skólakerfið til fulls
- Að innflytjendur hafi þann kost að læra íslensku
- Að Reykjavíkurborg nýti sér fjölbreytni samfélagsins
- Að innflytjendur þekki rétt sinn og skyldur og að brugðist sé rétt við ef brotið er á þeim vegna uppruna þeirra (Reykjavíkurborg, e.d.).

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var 2006, byggir á því að allir íbúar borgarinnar búi við sömu réttindi óháð uppruna, litarhátt, þjóðernis, trúarbragða, kynferðis, aldurs, kynhneygðar eða annarrar stöðu. Mannréttindin fela í sér virðingu fyrir gildum og réttindum allara manna. Samkvæmt stefnunni er óheimilt að mismuna borgarbúum vegna uppruna þeirra, þjóðernis, litarháttar, menningarlegs bakgrunns eða flokkun sem byggð er á kynþáttahyggju og eiga allir rétt á sanngjarnri framkomu (Reykjavíkurborg, 2013). Og í því samhengi er mikilvægt að stuðla að fjölmennningarlegri kennslu.

Í nútímasamfélagi er mikill fjölbreytileiki og örar breytingar og því mikilvægt að þjálfar nemendur og kennara í fjölmennningarlegri hæfni (Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir og Hildur Blöndal o.fl., 2007). Fjölmennningarleg kennsla stuðlar ekki aðeins að fjölmenningu út frá umburðalyndi og virðingu heldur er einnig lögð áhersla á að viðhalda

upprunalegri menningu allra hópa, hvort sem það eru minnihluta- eða meirihlutahópar. Þetta er til dæmis gert með móðurmálskennslu í skólum og viðurkenningu á trúarskoðunum annara (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

## 2.1 Fjölmennningarlegt samfélag

Hugtakið fjölmennningarlegt samfélag er skilgreint sem samfélag þar sem fólk af mismunandi uppruna eða menningarsvæðum býr saman í einu samfélagi, það ber virðingu fyrir hvort öðru og hafa samskipti sín á milli. Þegar fjallað er um fjölmenningu er ekki aðeins átt við breyttar þjóðfélagsaðstæður sem hafa orðið vegna fólksflutninga eða flóttta, heldur er einnig átt við þær breytingar og breyttar áherslur sem verða í menntakerfinu og í uppeldismálum. Umburðalyndi og gagnkvæm virðing verður að eiga sér stað í fjölmennningarlegu samfélagi, leggja þarf áherslu á þá kosti sem fjölmennningarlegt samfélag hefur í för með sér í stað ótta þess. Í fjölmennningarlegu samfélagi er litið á fjölbreytileika og fjölda mismunandi lífstíla sem sjálfsgöðan hlut (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Samfélög nútímans eru í stöðugri breytingu hvað varðar uppruna, tungumál, menningu og trúarbrögð og á þessi þróun sér stað í íslensku samfélagi. Ísland var fremur eingangrað samfélag og var menning hér mjög einsleit áður fyrr og var það ekki fyrr en á 19. öld að ný viðhorf og nýir siðir fóru að berast hingað til lands og var 20. öldin öld tæknibreytinga og mikilla framfara í mannlífi og samskiptum við önnur lönd. En á síðustu áratugum hefur fólk komið víðast hvar úr heiminum og aðstæður breyst töluvert (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).

Margt þarf að huga að þegar fjallað er um fjölmennningarlegt samfélag eins og til dæmis menntakerfi, skólastarf, skólaþróun og stefnumörkun og vinna allir þessir þættir saman að því að leiða til jafnari stöðu einstaklinga og hópa og stuða þannig að félagslegu jafnrétti og réttlæti. Fjölmennningarlegt samfélag og fjölmennningarhyggja eru hugtök sem eru notuð um samfélög þar sem um ræðir allt að þrjár tegunir fjölbreytileika eða fleiri. Fræðimaðurinn Bhikhu Parekh heldur því fram að menningarlegur fjölbreytileiki nútímasamfélaga sé hægt að flokka í þrjá flokka: (Hanna Ragnarsdóttir, 2007)

- Í fyrsta lagi; einstaklingar samfélagsins eiga sameiginlega menningu að stórum hluta og hafa sumir annaðhvort ólíkar skoðanir og venjur eða þróa með sér tiltölega ólíkan lífstíl (e. subcultural diversity).

- Í öðru lagi; sumir einstaklingar samfélagsins eru mjög gagnrýnir á tiltekin gildi eða grundvallarreglur ríkjandi menningar og reyna að endurskipuleggja hana (e. perspectival diversity).
- Í þriðja lagi; í öllum fjölmenningsamfélögum er hægt að finna nokkur minni samfélög (e. communal diversity). Íbúar þeirra lifa samkvæmt eigin trúar- eða skoðanakerfum og gildum. (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Parekh (2000) segir að þó þessar þrjár tegundir samfélaga eigi margt sameiginlegt eru þær tiltölega ólíkar.

Hugtakið fjölmenningslegt samfélag er almennt notað um samfélag þar sem hægt er að finna allar þrjár tegundir fjölbreytileika og jafnvel fleiri. Það er samfélag þar sem fólk af mismunandi þjóðerni, trú og menningu býr saman og hefur ólíka reynslu, getu og hæfni (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007). Varað er við því að horft sé á fjölmenningu eða stöðu ýmissa minnihlutahópa sem utanaðkomandi ásókn og að kröfur séu byggðar á því. Talið er að ögrun fjölmenningslegra samfélaga felist ekki í vandamálinu við andstæðurnar „við – þeir“ heldur við sögulega stöðu minnihlutahópa innan þjóðríkisins. Hugmyndin um að menning sé virk, breytileg og sveigjanleg er mikilvæg þegar talað er um uppruna, þjóðerni og mörk hópa. Þegar hugað er að aðlögun innflyjenda að nýju samfélagi er mikilvægt að samlaga þeirra menningu við þá nýju. Í því samhengi er oft talað um þrjár meginleiðir til aðlögunar, þær eru *samlögun*, *sambætting* og *aðskilnaður* (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).

- *Samlögun* er þegar minnihlutahópar í samfélaginu laga sig að ríkjandi menningu, sjálfviljugir eða nauðugir, bæði menningar- og félagslega. Þeir leggja minni áherslu á sína upprunalegu menningu og taka upp ríkjandi menningu og tungumál samfélagsins sem þau setjast að í. Samlögun merkir að minnihlutahópar missa sérkenni menningar sinnar og verða sem líkastir íbúum samfélagsins.
- *Sambætting* er þegar minnihlutahópar halda sinni eigin menningu, tungumáli og einkennum en tileinka sér á sama tíma ríkjandi menningu. Í sambættingu felst að einstaklingar tileinka sér tvö tungumál, færni tveggja ólíkra menningarheima, ólíka samskiptahætti, gildismat og siði. Til þess að ná að viðhalda sínu móðurmáli er mikilvægt að fá þann stuðning sem þarf til þess. Ríkjandi menning verður að

viðurkenna sérkenni og þarfir minnihlutahópsins og minnihlutahópurinn tekur þátt í vinnumarkaðinum, stjórn- og efnahagsmálum líkt og þau væru hluti af ríkjandi menningu og hafa þeir sömu réttindi og skyldur líkt og aðrir íbúar samfélagsins.

- *Aðskilnaður* er þegar minnihlutahópur er aðgreindur frá meirihlutandum eða kýs það sjálfur. Kjósi minnihlutahópurinn að vera aðskilinn meirihlutanum velja þeir að búa út af fyrir sig og halda sínum siðum án þess að verða fyrir miklum áhrifum frá meirihlutanum. Minnihlutahópar eru oft neyddir til aðskilnaðar og búa á afmörkuðum landsvæðum. Aðskilnaður byggist oftast á því að íbúar minnihlutahópsins finnast þeir vera minna virði en íbúar meirihlutans og getur þá oft reynst erfitt að samþætta menningarheimana (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).

Á vesturlöndunum hefur oftast verið stefnt að samlögun þar sem innflyjendur leggja niður sitt móðurmál og taka upp tungumál og gildi ríkjandi menningar. Á Norðurlöndunum hafa málefni minnihlutahópa breyst töluvert á síðustu árum og er stefnt að samþættingu frekar en samlögun þar sem báðir hópar fá að halda sínum sérkennum og en eru á sama tíma báðir viðurkenndir samfélagsþegnar. Árið 1992 var gerð rannsókn í Bandaríkjunum meðal ungs fólks úr minnihlutahópum og kom í ljós að þau voru eindregið hlynnt samþættingu. Einnig kom í ljós að þau ungmenni sem höfðu jákvætt viðhorf gagnvart þeim minnihlutahópi sem þau tilheyrðu höfðu betra sjálfstraust en þau sem ekki höfðu það, því má segja að fjölmennarlegt samfélag sem byggir á samþættingu sé gott fyrir þegna samfélagsins og stuðlar það að betri þroska og jafnrétti allra íbúa samfélagsins (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).


## **2.2 Móttaka innflytjenda**

Í Reykjavík eru nokkrar móttökudeildir fyrir innflytjendur þar sem aðallega er lögð áhersla á að börn séu vel undirbúin fyrir nám í íslenskum skólum þar sem íslenskukennslan vegur þyngst í aðlögun þeirra. Móttökudeildirnar eru ætlaðar börnum til að hjálpa þeim að ná tökum á íslenskunni sem fyrst svo þau geti orðið virkir þáttakendur í íslensku samfélag (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).



Þeir innflytjendur sem koma til með að búa á Íslandi til lengri tíma hljóta þann rétt að sækja um ríkisborgararétt, en til þess að eiga rétt á því þarf viðkomandi til dæmis að hafa búið hérlandis í sjö ár eða lengur samkvæmt lögum um íslenskan ríkisbogararétt (nr. 100/1952). Innan hugtaksins innflytjandi er að finna ýmis önnur hugtök tengd því. Sem dæmi má nefna, flóttamenn og hælisleitendur. Samkvæmt skilgreiningu flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) frá 1951 er hugtakið flóttamaður skilgreint sem aðili sem býr ekki í fæðingarlandi sínu vegna hræðslu við ofsóknir, vegna kynþáttar, trúar, uppruna, stjórnámálaskoðana og fleira. Flóttamaður neyðist til flýja heimaland sitt til að bjarga lífi sínu og tryggja frelsi sitt. Stríð í heimalandi þessara einstaklinga bitnar í síauknum mæli á þeim sem gerir það að verkum að þau neyðast til að yfirgefa ættjörð sína til að forðast ómældar ofsóknir svo þau leita að öruggu skjóli. Þessir einstaklingar njóta verndar í nýju landi þar sem þau eru skilgreind sem flóttamenn. Makar flóttamanna og börn þeirra sem eru undir 18 ára aldri eiga einnig rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli gegn því (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Einstaklingur sem býður eftir að umsókn hans um stöðu flóttamanns sé samþykkt eða vísað frá er skilgreindur sem hælisleitandi á meðan á þessu ferli stendur. Hugtakið er notað yfir einhverskonar millibilsástand á meðan að úr því er skorið hvort einstaklingurinn eigi rétt á hæli í því landi sem hann sækir um. Ef umsóknin er samþykkt verður hælisleitandi flóttamaður en ef henni er hafnað þarf hann að fara úr landi (Rauði kross Íslands, e.d.)

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2011) voru innflytjendur á Íslandi árið 2011 25.693 eða 8,1% landsmanna. Pólverjar voru fjölmennastir meðal innflytjenda og voru konur fjölmennari en karlar.



Mynd 1 – Myndin sýnir fjölgun innflytjenda á Íslandi eftir kyni 1996-2011.(Hagstofa Íslands, 2011)

En þessi mynd sýnir þá miklu fjölgun sem átt hefur sé stað á Íslandi undanfarin ár og sjá má samkvæmt töflunni að árið 2005 varð töluverð aukning hér á landi sem má rekja að mestu leiti til aukinnar eftirspurnar á erlendu vinnuafla. En fjöldi innflytjenda hefur verið nokkuð jafn frá árinu 2010.

### 2.3 Móðurmál og tvítýngi

Tvítýngi er sá hæfileiki að geta talað, lesið og skrifað á fleiri en einu tungumáli en það eru ekki margir einstaklingar sem ná þeim hæfileika 100% (York, 2003). Hægt er að skilgreina tvítýngi með ýmsum hætti en tvítýngi er hér skilgreint þannig að einstaklingur notar tvö tungumál að staðaldri hvort sem það er móðurmál eða annað lært tungumál (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Ekki eru allir fræðimenn sammála um skilgreiningar þess og er í rauninni ómögulegt að skilgreina það aðeins út frá máltöku, málnotkun eða málfærni þar sem ekki öll tvítýngd börn læra málið á sama tíma og er málnotkun þeirra ekki stöðug. Máltaka barna er ekki aðeins tæki til samskipta heldur er það einn aðalþáttur í þroska þeirra og eflir vitsmunaproska sem er undirstaða barna í lestri og hugsun. Margar rannsóknir í Bandaríkjunum, Svíþjóð og fleiri löndum hafa sýnt fram á að tvítýngi hafi jákvæð áhrif á vitsmunaproska og námsgengi. Nokkrar

rannsóknir hafa þó einnig sýnt fram á ókosti þess að læra tvö tungumál og sýndi ein rannsóknin að ef móðurmáli er ekki haldið við hafi það neikvæð áhrif á málþroska og læsi barns og það nær ekki að þroska með sér nægilegan málþroska til lesturs. Þetta á aðallega við um þau börn sem skipta um tungumál á svipuðum tíma og þau læra að lesa (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008). Móðurmál er skilgreint sem það tungumál sem móðir barns talar, einnig hefur það verið skilgreint sem það tungumál sem einstaklingur nær bestum tókum á eða tungumál sem einstaklingur notar mest. Sumir vilja meina að móðurmál sé það tungumál sem einstaklingur auðkennir sig með og sem skilgreinir einstakling sem hluta af ákveðnum hóp. En oft getur það verið óljóst hvert móðurmál einstaklinga í minnihlutahópum er og eiga þeir oft tvö móðurmál og eru þá tvítyngd (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).

Með miklum fólksflutningum síðastliðin ár hefur tvítyngi aukist töluvert á Íslandi. Með þessum hröðu breytingum verður að skapa aðstæður fyrir þennan nýja hóp sem stuðla best að góðum þroska og verða kennarar því að hafa í huga að mikill munur er á málnotkun og málkunnáttu tvítyngdra barna. Skólar hafa verið að fara nýjar leiðir til að fullnægja þörfum tvítyngdra barna og til eru skólar þar sem kennsla fer fram á báðum málunum og skiptist skóladagurinn milli tveggja tungumála og hafa rannsóknir leitt í ljós að kennsla tvítyngdra barna á báðum tungumálum skili betri námsárangri heldur en að kennslan færi fram á öðru tungumálinu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007). Það eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif á þróun tvítyngis hjá börnum eins og til dæmis fræðsla sem skólar og foreldrar hafa aðgang að til að efla tungumálhæfni barns, kennsluaðferðir, hvati til að læra og nota tungumálið, bæði móðurmál sitt og tungumál ríkjandi menningar (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008).

Móðurmál einstaklinga á sér djúpar rætur í persónuleika þeirra, ef kennsla á erlendu tungumáli kemur í veg fyrir að barn nái góðum tókum á sínu móðurmáli getur það leitt til þess að barn missi tengslin við móðurmál sitt. Rannsóknir hafa bent til þess góð kunnátta á móðurmáli er nauðsynleg til þess að ná góðum tókum á öðru tungumáli og getur það því reynst vafasamt að setja erlent barn á leikskóla sem ekki hefur náð góðum tókum á móðurmáli sínu (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000). Það er aðallega ábyrgð foreldra að fá móðurmálskennslu fyrir tvítyngd börn sín og er það mikilvægt fyrir sjálfsmynd barnsins til að stuðla að sem bestum þroska fyrir það. Móðurmál barns er

mjög mikilvægt því það er það tungumál sem barn notar í samskiptum við foreldra sína og fjölskyldu og upplifir barn sig frekar sem hluta af fjölskyldunni og menningu hennar og íslensku samfélagi ef það nær góðum tókum á móðurmáli sínu. Þau börn sem ná góðum tókum á bæði móðurmáli sínu og því tungumáli sem er ríkjandi í samfélaginu sem þau búa í eiga oftast auðveldara með að læra ný tungumál, og sýnt hefur verið fram á að aukin tungumálafærni eykur víðsýni barna og hafa þau meiri möguleika í námi og í lífinu sjálfu (Renata Emilsson Pesková, 2013)

Að kunna erlend tungumál þykir eftirsóknarvert í flestum löndum heims. Menningu hefur stundum verið líkt við hús með marga glugga, að kunna fleiri tungumál opnar fleiri glugga út í heiminn og eykur skilning og víðsýni og stuðlar það að umburðalyndi. Öll tungumál heims eiga að vera jafns metin og eru þau öll notuð til samskipa og hugsunar, en oft eru móðurmál minnihlutahópa minna metin en það tungumál sem meiri hluti þjóðarinnar talar sem getur leitt til þess að þeir sem tilheyra minnihlutahópnum afneita sinni eigin tungu og menningu og tekur upp það tungumál og þá menningu sem meiri hlutinn talar (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).

Rannsóknir Cummins (1996) sýndu fram á það að tvítyngi hefur góð áhrif bæði á málfar nemenda og vitrænan þroska. Þegar þekking barna á uppbyggingu tungumálsins var athuguð höfðu tvítyngd börn yfirburði yfir þau börn sem aðeins töluðu eitt tungumál. Tvítyngd börn þurfa að geta náð góðu valdi á tveimur málkerfum og geta greint á milli merkingu miklu fleiri orða en þau börn sem aðeins læra eitt tungumál. Þessi hæfileiki tvítyngdra barna kemur þeim til góðs þegar kemur að hugsun og námi. Tvítyngi getur verið tvenns konar, annarsvegar þegar seinna mál bætist við það fyrra án þess að það hafi slæm áhrif á það og barn nær góðu valdi á bæði ritmáli og talmáli á báðum tungumálum, og hins vegar þegar seinna mál kemur í staðinn fyrir það fyrra og barn missi þá hæfni sem það hafði á móðurmálinu. Talið er að ef barn fái ekki þann stuðning sem þarf til að þróa móðurmálið sé hættu við að barn missi þá hæfni.

### 3 Fordómar

Þegar talað eru um fordóma er átt við þegar aðilar eða hópar fólks eru dæmd út frá fyrirfram ákveðnum hugmyndum af staðalmyndum sem hafa myndast í samfélaginu (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Einstaklingar hafa oft ákveðnar hugmyndir um fólk eða hópa sem þeir þekkja ekki og eru þær yfirleitt mótaðar af umhverfinu og eru oft fengnar úr fjölmiðlum, bókum, kvikmyndum og þess háttar (Guðrún Pétursdóttir, 2001). Æskilegast væri að kenna börnum og ungmennum að vera fordómalaus en getur það reynst erfitt. Kristján Kristjánsson (2002) skilgreinir fordóma sem dóm sem er felldur án þess að einstaklingur hafi kynnt sér réttmæti og rök málsins af sanngirni, því hafa þeir sem hafa fordóma ekki góðar ástæður fyrir skoðunum sem felast í dómnum. Fordómur getur einnig verið fordómur í munnni eins en ekki annars, því við trúum þeim skoðunum sem við höfum þar til annað reynist rétt. Samkvæmt Kristjáni er hægt að flokka fordóma í tvo flokka, fljótadóma eða hleypidóma, og forherta dóma. Fljótadómar eða hleypidómar eru skoðanir og dómar sem hafa myndast í samfélaginu í gengum tíðina og koma oft upp í samtölum milli fólks, þetta eru dómar sem fólk hefur enga staðfestingu á og hefur aðeins heyrt frá öðrum. Forhertir dómar eru dómar sem eru felldir af einstaklingum sem veit betur eða á að vita betur en þrjúskast í villu sinni. Forhertir dómar eru náskyldir sjálfsblekkingu, þá neitar viðkomandi að leitast réttra svara og trúir skoðun sinni þrátt fyrir að vita að skoðun hans er vitlaus. Kristján segir einnig frá skilgreiningu Páls Skúlasonar á fordómum þar sem hann segir fordóma vera „staðhæfing eða skoðun sem við trúum og látum hugsun okkar stjórnast af án þess nokkurn tíma að draga þessa staðhæfingu eða skoðun í efa eða gagnrýna hana” (Kristján Kristjánsson, 2002).

Fordómar eru fyrirfram ákveðnar skoðanir á einstaklingum eða heilum hópum sem er byggt á hegðun, skoðunum eða öðru í fari einstaklingsins. Fordómar eru skoðanir okkar á því sem við þekkjum ekki. Fordómar hafa mismunandi birtingamyndir og geta þeir verið sýnilegir og ósýnilegir. Ósýnilegir fordómar eru mun algengari í samfélaginu og gerir fólk sér oft ekki grein fyrir þeim, en það er til dæmis að sýna fyrirleitningu í framkomu eða orðalagi, hunsa einstakling, veita útlendingum lélegri þjónustu og fleira og gera þolendur sér oft ekki heldur grein fyrir því að um fordóma er að ræða (York, 2003).

Kynþáttafordómar eru trú fólks á því að einhver af öðrum uppruna sé óæðra en aðrir af manns eigin uppruna eða kynþætti og eru kynþáttafordómar einstaklinga bæði meðvitaðir og ómeðvitaðir. Kynþáttamismunun getur verið tvenns konar, það getur verið einstaklingsbundin mismunun eða stofnanabundin sem veldur því að ákveðnir hópar verði fyrir mismunun (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).

Fordóma má finna hjá hverjum og einum sama af hvaða kyni, uppruna eða menningu fólk kemur frá (York, 2003). Nauðsynlegt er að hafa almenna þekkingu um fordóma og hvað það er og hvenær þeir birtast, hvort sem þeir eru sýnilegir eða ósýnilegir (Toma, 2007). Fordómum fólks er oft erfitt að breyta og er því mikilvægt að stuðla að uppeldi án fordóma. Börn sem alast upp í samfélögum þar sem mikið er um fordóma eru mjög líkleg til að tileinka sér þá fordóma sem þar eiga sér stað. Um fjögurra ára aldur byrja börn að gera sér grein fyrir húðlit einstaklinga, gerð augnanna, hári, líkamsbyggingu og hvernig það talar og hreyfir sig. Börn eru mjög fljót að læra og gera þau fljótlega mun á því hvaða húðlitur er „góður“ og hvaða húðlitur er „vondur“, einnig læra þau hvaða hópar eru í efri stéttum samfélagsins og hvaða hópar eru í lægri stéttum. En mikilvægt er að muna það að börn eru ekki fædd með fordóma heldur eru þeir lærðir í samfélaginu (York, 2003). Rannsóknir hafa sýnt fram á að það dregur úr fordómum þegar börn þekkja uppruna sinn vel og eflir það einnig sjálfsmynd þeirra. Þekking barna á uppruna sínum er einnig talin talin efla sjálfsvirðingu og draga úr fordómum. Slík þekking barna eykur umburðalyndi þeirra gagnvart öðrum og eyðir fordómum og hatri. Þekking þeirra eykur víðsýni þeirra og hæfileika til að taka þátt í fjölmennningarlegu samfélagi (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007).

### **3.1 Staðalmyndir**

Staðalmynd er hugtak sem skilgreint er sem viðtekin skoðun fólks um sérkenni hópa eða einstaklinga sem tilheyra oft minnihlutahópum innan samfélagsins (María Ingunn Þorsteinsdóttir og Auður Hermannsdóttir, 2012). Uppspretta fordóma er oftast staðalmyndir, þær geta verið bæði góðar og slæmar og er mikið unnið með það í fjölmiðlum. Oftast eru þetta hugmyndir um annað fólk eða hópa sem einstaklingar festa í minni sínu og eiga til að halda fast í (Toma, 2007). Dæmi um þetta geta verið skoðanir

fólks á byggingu mosku á Íslandi eða fordómar á innflytjendum. Fjölmiðlar hafa þann mátt að búa til ákveðna mynd um hópa fólks eða hluti og dreifa henni til almennings. Þannig eru fjölmiðlar að vissu leyti ábyrgir fyrir mótun fordóma í samfélaginu (Toma, 2007).

Staðalmyndir eiga stóran þátt í því að viðhalda bæði góðum og slæmum gildum samfélagsins og verða þær alltaf hluti af menningu okkar. Það er manneskjunní náttúrulegt að skipta umhverfi okkar niður í flokka og þar með talið öðru fólki. Þessi eiginleiki að flokka annað fólk í hópa getur verið slæmur að því leyti að það heftir frelsi einstaklingsins til að velja. Það er engin leið fyrir okkur að eyða staðalmyndum úr samfélaginu og eru þær ekki slæmar en það er mikilvægt fyrir okkur að leiðrétta staðalmyndir sem valda ójafnréttlæti fyrir ákveðna hópa innan samfélagsins, með því erum við að gefa einstaklingum frelsi til að velja sér það umhverfi sem hann kys (Harpa K. Gísladóttir, 2005). Staðalmyndir í fjölmiðlum móta umræðu samfélagsins að miklu leyti um hina ýmsu minnihluta hópa. Áhrif fjölmiðla eru mjög mikil og því mikilvægt að kenna ungu fólki að vega og meta hvað ýmis skilaboð fela í sér og þannig má draga úr því að neikvæðar staðalmyndir í fjölmiðlum hafi áhrif á þeirra hugmyndir og skoðanir á ákveðnum einstaklingum eða hópum innan samfélagsins (Kolbrún Ósk Hrafnadóttir, 2002).

Talið er að allir einstaklingar þrói einskonar kenningu um sjálfan sig, í þeirri kenningu eru allar þær hugmyndir sem við höfum um okkur sjálf. Hluti af þessari kenningu er að tilheyra einhverjum ákveðnum hóp og skapar það öryggi og auðveldar okkur samskipti, hins vegar ef einstaklingur tilheyrir minnihlutahóp innan samfélagsins sem vanmetinn er getur það ollið vanmáttarkennd meðal hans (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000). Þetta gerist þegar einstaklingar eru flokkaðir í hópa og myndaðar eru staðalmyndir út frá því. Það sem lærist af umhverfinu og fjölmiðlum um staðalmyndir er fyrsta skrefið af ferlinu, það eru ákveðnar hugmyndir um fólk af erlendum uppruna og eru þær stór partur af félagsmótun vestrænna barna. Við þessa flokkun er litið til menningar, trúar, uppruna, hegðunar eða einhverra útlitseinkenna eins og húðlit, líkamsstærð og svo framvegis. Við flokkun út frá útlitseinkennum er heilum hóp gefinn ákveðnir eiginleikar, til dæmis latir, gáfaðir, skemmtilegur og fleira. Þannig myndast staðalmyndir um ákveðna hópa sem eiga oft ekkert annað sameiginlegt en að vera með sama húðlit. Þegar einstaklingar eða hópar eru dæmdir út frá þessum staðalmyndum er það dæmi um

fordóma og því er óhætt að segja að staðalmyndir séu grundvöllur fordóma. Annað skrefið í þessu ferli er mismunun. Talað er um mismunun þegar ekki er komið fram við fólk eða hópa á sama hátt vegna menningar eða útlitseinkenna. Einstaklingar verða oft ekki varir við duldar birtingarmyndir fordóma og vita oft á tíðum ekki af þeim. Duldir fordómar lýsa sér með einangrun, að það sé talað niður til fólks, því sýndur hroki, fær verri þjónustu, er sýnt ókurteisi, óþolinmæði og fleira og er þetta algengasta birtingarmynd fordóma á vesturlöndum. Þegar fólk í minnihluta hópum verður fyrir mismunun í einhvern ákveðinn tíma er líklegt að þessi mismunun verði til þess að einstaklingur rísi upp gegn ótréttlætinu og geta þá brotist út átök sem getur lýst sér í ofbeldi (Guðrún Pétursdóttir, 2011)

### **3.2 Menning**

Hægt er að hugsa um menningu í mjög víðu samhengi. Menning getur verið hlutir, föt, listaverk, trú, gildi og svo margt fleira í samfélaginu. Menning er sköpuð af fjölskyldumynstrum, samskiptum fólks og þeim hefðum og hátíðardögum sem samfélagið hefur myndað sér og hefur þetta allt áhrif á það hvernig við lifum okkar daglega lífi (York, 2003). Banks (2007) skilgreinir menningarhugtakið á eftirfarandi hátt: „menning er kerfisbundin leið samfélags til viðhalds og aðlögunar að umhverfi þess“. Þessi leið samanstendur af ýmsum hugmyndum, gildum og þekkingu sem einstaklingar deila innan samfélagsins. Börn eru ekki aðeins þiggjendur menningar heldur eru þau stór þáttur af mótun og sköpun hennar með þátttöku sinni, og eru börn af erlendum uppruna í samfélaginu stór þáttur í mótun þess (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Menning er óhjákvæmilegt ferli og innihald menntunar. Hún er mótuð af námi og kennslu í lífi manns – í fjölskyldum, skólastofum, samfélaginu og vinnustaðnum. Menning mótar einstaklinginn í gegnum lífið ásamt því að hafa mismunandi áhrif á fólkið í kring. Einhverjir þættir menningar taka breytingum á meðan að aðrir haldast óbreyttir um langt skeið. Í kennarastarfi er þetta eitthvað sem nauðsynlegt er að takast á við í hvert skipti sem kennsla fer fram og námskráin er mótuð. Allir tilheyra einhverri menningu og allt fólk er fjölmenningslegt í þeirri meiningu að það er erfitt fyrir einstaklinga að alast upp í nútímasamfélagi án þess að kynnast og verða fyrir áhrifum annarrar menningar en sinni eigin (Erickson, 2005). Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á Íslandi hafa sýnt fram á þörf fyrir skólaumbætur til að mæta vaxandi fjölbreytni í íslensku samfélagi hvað varðar




menningu, trúarbrögð og tungumál (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Menning samanstendur af táknum og hugtökum sem hægt er að koma til skila með tungumáli og um leið og barn lærir tungumál lærir það einning menninguna. Menning innan skólans getur sagt mikið um það hvernig barni gengur í skólanum, menning innan skólans og heimilis getur verið mjög ólík. Sé ríkjandi menning innan skólans og menning innan heimilisins sú sama gengur menningarnám barna og tungumála kennsla oftast vel fyrir sig og án árekstra. En ef mikill munur er á menningu, innan skóla og heimilis getur það leitt til námserfiðleika nemenda (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000).



#### 4 Skóli sem fjölmennarlegt samfélag

Gríðarleg aukning hefur verið á erlendum börnum í grunnskólum á Íslandi eins og myndin hér fyrir neðan sýnir, en frá 1997 til 2013 fjölguðu nemendum úr 377 uppí 2775 nemendur og hefur innflytjendum farið fjölgjandi með hverju ári (Hagstofa Íslands, 2013).



Mynd 2 – Myndin sýnir fjölgun grunnskólanemenda með erlent móðurmál 1977-2013 (Hagstofa Íslands, 2013).

Mikilvægt er að laga skólakerfið að þessari þróun svo erlendir nemendur fái þá menntun sem þeir eiga rétt á. Kennarar spila stórt hlutverk í því hvernig erlendum nemendum tekst að aðlagast íslensku skólaumhverfi og er viðhorf kennarans og kennsluhættir hans sinna mikilvægu hlutverki. Námsumhverfi barna þarf að vera skapandi og hvetjandi svo erlendir nemendur verði virkir og nái góðum árangri í námi og öðlist góða félagsfærni. (Hanna Ragnardóttir og Rósa Guðbjartsdóttir, 2010).

Sýnt hefur verið fram á að í rannsóknum fyrir börn af erlendum uppruna eða börn í jaðarhópum er mikilvægt að skólakerfið einkennist af jafnréttishugsun og taki mið af fjölbreytileikanum sem þar ríkir. Hugmyndir kennara og starfsfólks skólakerfisins þurfa að

vera í samræmi við þessar hugmyndir og leggja áherslu á að öllum nemendum líði vel og nái árangri. En samkvæmt ýmsum fræðimönnum er skilgreiningin á árangri of þröng og er það ein af hindrunum barna af erlendum uppruna. Bent hefur verið á að það er mikill árangur í sjálfu sér að ná þeim hæfileika að skilja, miðla og hugsa á fleira en einu tungumáli. Einnig nefnir hann hæfileikann að færa sig milli félags- og gildiskerfa og fjölmenningsarlega vitund sem annarskonar árangur (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Það sem þarf að vera til staðar í skólakerfum svo fjölmennings sé viðurkennd er markviss og mikil samvinna stjórnenda, kennara og nemenda, virk þátttaka nemenda í þróun skólans gagnkvæm virðing í samskiptum, gagnkvæm tengsl verða að vera milli skóla og foreldra og nánasta umhverfi nemenda og námskrá verður að vera sveigjanleg. Einnig hefur verið fjallað um þau einkenni sem skólar sem erlend börn eða börn í jaðarhópum sækja, einkenni skólanna eru:

- Yfirsýn skólakerfisins þarf að vera sameiginleg og höfð að leiðarljósi í þróun skólans
- Námskráin verður að vera sveigjanleg svo að hægt sé að mæta þörfum ólíkum þörfum nemenda
- Náms og kennsla þarf að vera vönduð og sveigjanleg og stuðla að því að hjálpa nemendum af erlendum uppruna að ná árangri
- Umbun og hvatning skilar árangri aðeins ef skólasamfélagið viðurkennir árangur allra.
- Skólamennings þarf að tengjast samfélaginu og skapa tengsl innbyggðis skólans og út á við (Hanna Ragnarsdóttir, 2004).

Ljóst er að mikilvægur þáttur í þróun skólustarfs í fjölmenningsarsamfélagi eru góð og sterk tengsl skóla og heimila (Hanna Ragnarsdóttir, 2004). Fræðimenn hafa haldið því fram að í námi með erlendum nemendum sé markmiði aðeins náð ef tekið er tillit til uppruna hans og menningu og það sem hann hefur fram að bjóða, bæði sögulega og menningarlega og kennarar þurfa að virða einstaklinginn og þann hóp sem hann tilheyrir. Vitneska kennara um uppruna nemenda eykur öryggi þeirra við val á viðfangsefni og stuðlar að árangursríkum samskiptum á milli þeirra og einnig milli heimilis og skóla. Það

umhverfi og viðhorf sem kennarar skapa nemendum sínum skiptir mjög miklu máli. Kennarar geta ráðið miklu um það hvernig nemanda gengur í skóla og hvernig skólaganga hans fer fram. Kennarar gegna lykilhlutverki í því að vinna gegn fordómum með fjölmennningarlegri kennslu og er því mikilvægt að það sé gert með viðeigandi námsefni, góðum fyrirmyndum, markvissu skipulagi og er mikilvægt að allir fái jöfn tækifæri meðal kennarans. Mikilvægt er að kennarar spyrji sjálfa sig hvort kennsluhættir hans séu nógu fjölmennningarlegir og hvetji nemendur til sjálfstæðrar hugsunar, kennslan sem fram fer á að þroska nemendur á þann hátt að þau öðlist færni á að taka þátt í fjölmennningarlegu samfélagi (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007).

Lykill að góðu og farsælu skólastarfi getur verið gott samstarf milli heimilis og skóla. Þátttaka foreldra í skólastarfi hefur góð áhrif á námsárangur barna og skólastarfið í heild og að gott samstarf þar á milli veitir heimilum og skólastarfinu stuðning og getur samstarf þar á milli eftir nemendur til náms. Gott er fyrir kennara að skýra fyrir þeim hvert markmið námsins er og hvernig best sé að samstarfinu sé háttað. Lögð er áhersla á tengslamyndun við foreldra barna af erlendum uppruna og hlúa sérstaklega að þeim samskiptum, en hefð í þeirra menningu getur verið önnur en tíðkast hér og því er ekki hægt áætla að það sé hefð fyrir samstarfi milli skóla og heimila í þeirra menningu og getur því reynt erfitt að koma því á. Samstarf erlendra foreldra getur einnig tengt þá betur við það samfélag og þá menningu sem þeir búa við (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007).

#### **4.1 Skóli án aðgreiningar**

Skóli án aðgreiningar grundvallast á að allir nemendur eigi kost á að fá nám við hæfi og það sama gildir um nemendur af erlendum uppruna. Unnið er gegn misrétti í skólastarfi þannig allir eigi jafnan möguleika til menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Þegar unnið er samkvæmt þessum hugmyndum þarf oft að breyta hefðbundnu skólastarfi og hugsun innan skólans og endurmeta allt starf sem þar fer fram og mynda nýjar stefnur og starfsvenjur svo að skólinn verði í raun og veru fyrir alla með tilliti til uppruna, hæfni og getu hvers og eins barns. Öll börn hafa sín persónueinkenni sem greina þau í sundur og búa þau öll yfir mismunandi hæfileikum, reynslu og áhuga. Grunnþarfir

barna til þroska eru þær sömu og þroskast þau með ólíkum hætti og geta námsvenjur barna verið mismunandi eftir menningu og uppruna. Skóli án aðgreiningar leggur mikla áherslu á möguleika allra barna til að þroska sína getu og persónulegu hæfni á forsendum hvers og eins og er það að miklu leyti hlutverk skólans (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007).

Ein meginstoð lýðræðis og almennar velferðar er menntun. Menntun felur í sér að stunda heilbriggt lífefni og lífsvenjur, stuðla að ábyrgðri umgengi við umhverfið og bera virðingu fyrir mismunandi menningu. Í skólastarfi er lagt áherslu á jafnrétti til náms sem felur í sér að bjóða uppá nám og kennslu við hæfi allra. Námið skal höfða til beggja kynja, hvort sem þau eru fötluð eða ófötluð, búa í dreifbýli eða á höfuðborgarsvæðinu og óháð uppruna, menningu, litarhætti og trú. Einn mikilvægasti þátturinn í aðlögun að nýju samfélagi er tungumálakunnátta og er það mikilvægt til að ná að verða fullgildur þátttakandi í íslensku samfélagi og er því mikilvægt fyrir innflyjendur hér á landi með annað móturmál að ná tökum á íslenskunni og kynnist íslenskri menningu. Tilgangur íslenskukennslu í skólum fyrir nemendur með annað móturmál er að skilja og nota tungumálið og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Mikilvægt er fyrir innflyjendur að fá að halda sínu móturmáli þrátt fyrir að læra íslensku og nota íslensku daglega og gott er að efla þeirra menningar- og tungumálagrunn með hjálpi erlendra ganga, hvort sem það er í gegnum netið, með bókum eða með öðrum hætti. Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til málkunnáttu erlendra nemenda á þeirra móturmáli en ekki aðeins einblínt lélega íslenskukunnáttu þeirra, leiðir til þess eru til dæmis að hafa þeirra móturmál sem valfag eða fá það metið til eininga í framhaldsskólum (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Í Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að allir skólar þurfi að móta sér áætlun þegar kemur að innritun og móttöku innflytjendabarna, þar er kveðið á um fjölmenningslega kennslu og nemendum kennt að meta menningarlegan margbreytileika (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Mikilvægt er að íslenskukennsla erlendra nemenda sé markviss þar sem hæfni þeirra í íslensku er nauðsynleg til þess að þeir verði virkir þátttakendur í samfélaginu þar sem lýðræði og jafnrétti ríkir og geti því sótt skóla landsins. Þetta er verk sem mikilvægt er að vinna vel.

Í grunnskólalögum (16.gr) kemur fram að skólar þurfi að taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags (Alþingi, 2008). Hlutverk móttökuáætlunnar er að taka mið af allri færni barna og bakgrunni þess. Hann getur verið mismunandi þar sem þau koma frá mörgum og ólíkum menningarheimum. Skólastjóri hvers skóla tekur ábyrgð á móttöku allra nemenda og innritun þeirra. Allir starfsmenn þurfa að þekkja til og hafi aðgang að upplýsingum um það hvað þarf að gera til þess að þessir nemendur finni fyrir góðri móttöku og farsælli skólabyrjun í því umhverfi sem þeir þekkja ekki. Í skólasamfélögum, þarf að ríkja jákvætt viðhorf allra sem taka þátt í skólastarfi á móttöku nýrra nemenda. Samstarf skóla við heimilin þarf að vera öflugt og þurfa foreldrar að vera vel upplýstir um nám barna sinna ásamt því að skipulag skólastarfsins þarf að vera aðgengilegt til að tryggja barninu farsæla aðlögun í nýju umhverfi (Aðalnámskrá, greinasvið, 2013).

#### **4.2 Hlutverk trúarbragða í fjölmeningarsamfélögum**

Þáttur trúarbragða í samfélagi og stjórnámum samtímans hefur aukist á undanförunum árum og þar með hafa fleiri fræðimenn tekið það upp að skoða hlutverk þeirra í nútímapjódfélögum. Hér er því mikilvægt að skoða hvað það er sem einkennir helst nútímann og nútímasamfélög. Nauðsynlegt er að gefa trúarbrögðunum meiri gaum þegar við fjöllum um fjölmeningarsamfélög nútímans. Það þarf hinsvegar að fara varlega í þessa umræðu og forðast alhæfingar sem oftast nær eru neikvæðar. Það þarf að taka mark á trúarbrögðum til þess að átta okkur betur á nútímasamfélögum og stjórnámum. Það þýðir þó ekki að trúarbrögðin séu lykilinn á skilningi leyndarmála og vandamála dagsins í dag. Það er nauðsynlegt að vera meðvitaður um áhrif trúarbragða en á sama tíma horfa á það sem einkennir menningarlegu og pólitísku aðstæður hverju sinni. Það er ekki hægt að alhæfa að allir múslimar, kristnir menn eða gyðingar hagi sér eins við sömu pólitísku aðstæður. Þegar kemur að pólitískum ágreiningum eru trúarbrögðin aðeins ein af mörgum þáttum sem móta skoðanir einstaklinga (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007).

#### **4.3 Trúarbragðarfræðsla**

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru kröfur almennar menntunar nemenda settar fram sem hæfnisviðmið. Námsgreinar og námssvið grunnskólans eru hjálpartæki til að nemendur nái þessum hæfnisviðmiðum. Gert er ráð fyrir að nemendur í 1.- 10. bekk fái

allt að 1.540 mínútur eða um 11.46% á viku til þess að sinna samfélagsgreinum, en undir þær heyrja meðal annars samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki. Þessar greinar og námsþættir eru ekki aðgreind í aðalnámskránni en hver og einn skóli hefur frelsi til þess að að haga greinaskiptingu eftir því sem skynsamlegast, hentugast og árangursríkast er við hverjar aðstæður. Samfélagsfræðigreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnni hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum. Hver fræðigrein innan samfélagsfræðigreinnanna gegnir ákveðnu hlutverki, þar með sagt á trúarbragðafræðikennsla að auka skilning nemenda á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Áður fyrr var trúarbragðafræðsla í skólum nefnd kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði, en með nýrri námskrá og grunnskólalögum árið 2008 var nafni greinarinnar breytt og í dag heitir greinin einfaldlega trúarbragðafræði og er orðin hluti af námskrá í samfélagsfræðigreinum. Ástæða þessara breytinga er sú að þjóðfélög Evrópu hafa tekið margvíslegum breytingum á síðustu öld. Það sem hefur breyst er að úr tiltölulega einsleitum kristnum þjóðfélögum hafa þjóðfélögin breyst í eitthvað sem kallað hefur verið veraldarvædd fjölmeningarsamfélög (Sigurður Pálsson, 2011). Margbreytileiki á Íslandi hefur einnig farið vaxandi og fólki með annan menningarlegan bakrunn en íslenskan hefur fjölgað, sem gerir það að verkum að fjölbreytileiki trúarfélaga er orðinn mun meiri en áður þekktist. Því er mikilvægt að fræðsla um trúarbrögð og siðfræði sé í námskrám opinberra skóla í því skyni að efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum. Ein ástæða þess er að ljóst er orðið að þekkingarskortur á því sviði geti leitt til fordóma gagnvart eigin trúar- og menningararfi. Ranghugmyndir og neikvæðar staðalmyndir eru í vaxandi mæli notaðar til að ögra og efna til ofbeldisverka. Menntun er lykilatriði þess að vinna gegn fáfræði, staðalmyndum og misskilningi á trúarbrögðum og því er lögð áhersla á að aðildarríkin liti á endurskoðun námskrár á öllum skólastigum sem forgangsverkefni í því skyni að efla trúarbragðafræðslu. Það sem myndi



skila sem mestum árangri væri ef að trúarbragðafræðsla héldist í hendur við að innræta fólki virðingu fyrir réttindum annara, jafnvel þó ágreiningur ríki um trúarbrögð og lífsviðhorf. Trúfrelsi séu algild mannréttindi og það feli í sér skuldbindingu til að virða réttindi og jafngildi allra manna (Gunnar J. Gunnarsson, 2012). Einnig er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að skoða og velta fyrir sér mismunandi trúarbrögðum og lífsviðhorfum á skipulegan hátt. Samkvæmt aðalnámskrá þurfa trúarbragðakennarar að vera málefnalegir, víðsýnir og að hafa siðferðileg gildi sín á hreinu til að vera færir um að mæta öllum nemendum sínum á jöfnum grundvelli, óháð trú og lífsskoðunum. Ábyrgð skólans á trúarbragðakennslunni er árétuð um leið og bent er á að kennsluaðferðir megi hvorki grafa undan né líta framhjá hlutverki fjölskyldu og trúfélaga í að miðla gildum til komandi kynslóða. Mikilvægt er að námskipulag og námsþættir í skyldunámi séu nægilega hlutlausir og að kennarar hafi fullnægjandi menntun til þess kenna fagið (Gunnar J. Gunnarsson, 2012).

Nútímasamfélög eru að verða mun fjölmenningslegri en áður og því ber skólum að aðlagast. Til þess að samfélag geti kallað sig fjölmenningsamfélag, það er samfélag þar sem ólíkt fólk með margvíslega menningu býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli, þarf að ríkja virðing fyrir mismunandi trúhópum og lífsviðhorfum, hvort sem um strangtrúaða múslima eða trúleysingja ræðir. Að því sögðu þurfa mismunandi trúhópar einnig að aðlagast hinu nýja samfélagi sem þau kjósa að búa í. Allir eiga rétt á því að iðka trú sína, svo lengi sem hún skaðar ekki aðra. Einnig er það réttur nemenda að læra um sína trú sem og trú annarra, það sem er sameiginlegt og það sem er ólíkt. Það þarf að efla fræðslu í skólum og þá sérstaklega um þau trúarbrögð sem hafa mótað íslenska menningu hvað mest. Það er hlutverk skólans að fræða um trúarbrögð en ekki að boða þau. Þá fá nemendur að kynnast sinni trú og hafa tækifæri til að iðka hana í fríði og geti þar með einbeitt sér að henni. En sá valmöguleiki stendur alltaf til boða, hvort sem skólar taki að sér að kenna grunninn í helstu trúarbögðum heims eða ekki. Staðreyndin er hins vegar sú að aukin trúarbragðafræðsla í skólum dýpkar þekkingu nemenda og þau eiga auðveldara með að „aðlagast“ fólki með annan menningarlegan bakgrunn sem og nýju samfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

#### 4.4 Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur

Móttökuáætlanir erlendra nemenda í grunnskólum landsins á að vinna í samræmi við Aðalanámskrá grunnskóla. Við innritun erlendra nemenda þurfa skólar að afla sér upplýsinga um uppruna, bakgrunn og menningu barns og málkunnáttu barns bæði á móðurmáli þess og öðrum tungumálum (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Fjölmenningarlegt skólakerfi er sífellt breytilegt og hefur tekið miklum breytingum hér á landi síðast liðin ár. Í grunnskólalögum segir að allir grunnskólar verði að hafa móttökuáætlanir fyrir erlenda nemendur og var það sett inn í aðalnámskrá árið 2007 (Anna Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Gíslason og Pétur Þór Jónasson, 2009). Í grunnskólalögum um móttökuáætlun skal koma fram skipulag kennslu, samstarf innan skólans um skipulag kennslunnar, aðstaða, skipulag einstaklingsnámskráar, kennsluhættir og námsmat, hlutverk umsjónarkennara og annara fagaðilla sem að kennslunni koma ásamt því að gera skal grein fyrir samstarfi skólans við aðra aðila (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010).

Það er margt sem þarf að huga að þegar tekið er á móti erlendum nemendum í skólum til að gera móttökuna sem þægilegasta fyrir nemendur, foreldra, kennara og stjórnendru skólans. Mikilvægt er að kennarar afli sér upplýsinga um hvað er mikilvægt til að móttaka allra nema gangi sem best fyrir sig og sérstaklega móttaka erlendra nemenda þar sem þeir eru í nýju landi og eru að byrja skólagöngu í ókunnugu landi og er það skólastjóri hvers skóla sem er ábyrgur fyrir móttöku og innritun nýrra nemenda. Ríkja þarf jákvætt viðhorf til fjölmenningar innan skólans bæði frá nemendum og starfsfólki ásamt því að auka skilning og þekkingu þeirra. Upplýsingar um námið verður að vera aðgengilegt öllum svo foreldrar erlendra nemenda séu upplýstir um stöðu mála svo þeir geti tekið þátt í skólastarfinu á sem bestan hátt. Einnig er mikilvægt að samband milli foreldra við skólann sé gott svo að skólaganga nemenda gangi sem best fyrir sig (Anna Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Gíslason og Pétur Þór Jónasson, 2009).

Hver skóli þarf að aðlaga kennsluáætlanir sínar eftir aðstæðum nemenda, en nemendahópurinn getur verið mjög fjölbreyttur. Mikilvægt er að foreldrar fá ráðgjöf og góðan aðgang að upplýsingum og þarf að hafa í huga að oft er skólinn tengiliður foreldranna við íslenskt samfélag og getur því góð aðlögun barnsins oft breytt miklu fyrir foreldrana. Allir nemendur í Reykjavík eiga rétt á skólavist og er stefna Reykjavíkurborgar að veita erlendum nemendum skólapláss sem fyrst. Við upphaf skólagöngu fá foreldrar

móttökuviðtal þar sem þeir gefa upp allar upplýsingar um bakgrunn nemendans eins og tungumálakunnáttu, greiningar, heilbrigðisvottorð og fleira. Þegar nemandi hefur hafið skólagöngu sína er hægt að sækja um á frístundarheimili, en lagt hefur verið til að í hverjum skóla og í frístundastarfi sé einn tengiliður fyrir erlend börn sem hafa annað móðurmál en íslensku eða eru tvítýngd. Mikilvægt er að móttökuviðtalið sé vel skipulagt, þ.e. hverjir taka þátt í því og hver verkaskiptingin er. Umsjónarkennari tekur alltaf þátt í viðtalinu og er æskilegt að fá fulltrúa úr frístundastarfi hverfisins til að upplýsa þau um hvað frístundastarf er í boði í hverfinu, en þeir foreldrar sem ekki tala eða skilja íslensku eiga rétt á því að fá túlk með í viðtalið. Markmiðið með viðtalinu er að fá upplýsingar um nemendann og einnig að upplýsa foreldra um skólastarfið og hvað nemandi þarf að hafa meðferðis í skólann og frístundastarfið. Mikilvægt er einnig að upplýsa foreldra um skyldur og ábyrgð þeirra því það er oft ólíkt því sem þau þekkja. Oft eru foreldrar hvattir til að vera með barni sínu fyrstu dagana eða eftir því sem þeim hentar best og getur það verið góð leið til að styðja barnið og foreldrar kynnst skólastarfinu betur í leiðinni (Reykjavíkurborg, e.d.).

Við upphaf skólagöngu þarf barn oft mikinn stuðning til að ná að tileinka sér nýja menningu, umhverfi og áherslur. Foreldrar þurfa að vita hvað skólinn er að leggja af mörkum við aðlögun barns og hvetja þarf foreldra til að viðhalda móðurmáli þess. Einnig má hvetja foreldra til að sýna börnum íslenskt sjónvarpsefni og hvetja börnin til að taka þátt í félags- og tómstundastarfi í skólanum. Móttaka nýrra nemenda í bekknum skiptir miklu máli og því mikilvægt að huga að því og hvetja alla til að fylgjast með til að aðlögunin fari sem best fram. Félagsleg aðlögun nýrra barna getur skipt miklu máli um líðan nemenda og einnig í námi og er hlutverk umsjónarkennara þar mjög mikilvægt, því er ennig gott að hvetja barn til þátttöku í frístundastarfi. Þegar erlendir nemendur hefja nám í grunnskólum þarf að byrja á að stuðla að góðri íslensku kennslu, þjálfna nemanda í góðum orðaforða, stuðla að góðum samskiptum og þjálfna nemanda í skólamáli og hutökum sem notuð eru í kennslustundum (Reykjavíkurborg, e.d.).



## 5 Fjölmenningarleg kennsla

Á síðustu árum hafa átt sér miklar breytingar á Íslandi og í skólasamfélaginu og hefur mikil aukning verið á innflytjendum hingað til lands (Hanna Ragnardóttir og Rósa Guðbjartsdóttir, 2010). Það var ekki fyrr en um 1980 sem hugtakið fjölmenningarleg kennsla kom til sögunnar og var byrjað að gefa út bækur tengdar fjölmenningu (York, 2003). Fjölmenningarleg kennsla byggir á kennsluaðferðum sem gefa öllum jöfn tækifæri til menntunar, bæði íslenskum börnum og börnum af erlendum uppruna. Með þeim breytingum sem eiga sér stað í skólakerfinu verða kennarar að mæta ólíkum þörfum nemenda svo að hann geti sinnt ólíkri geti nemenda og notað kennsluaðferðir sem henta hverjum og einum. Einnig er mikilvægt fyrir kennara að taka mið af þroska barns, áhuga og fyrri reynslu þess því er æskilegt að kennarar séu faglegir og sveiganlegir í starfi sínu og opnir fyrir fjölbreyttum hóp nemenda. Leggja þarf meðal annars áherslu á tvennt þegar kemur að fjölmenningarlegri kennslu, annars vegar er það að skólinn búi yfir vel menntuðum kennurum og fagfólki til að geta bætt skólastarfið og hins vegar að kennarar búi yfir góðri þekkingu gagnrýnu hugarfari til að stuðla að fjölmenningarlegri kennslu (Hanna Ragnardóttir og Rósa Guðbjartsdóttir, 2010).

Þegar fjölmenningarleg kennsla á sér stað er það alltaf kennsla gegn fordómum. Markmið fjölmenningarlegrar kennslu er að opna augu nemenda fyrir annari menningu og fólki frá öðrum svæðum eða yfir höfuð opna augu nemenda fyrir minnihlutahópum innan samfélagsins (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Fjölmenningarleg kennsla er ekki einungis ætluð fyrir erlenda nemendur heldur er fjölbreytnin í hópnum nýtt markvisst við kennslu svo að hver nemandi læri af öðrum (Hanna Ragnardóttir og Rósa Guðbjartsdóttir, 2010). Miklar kröfur eru gerðar til kennara þegar kemur að fjölmenningarlegri kennslu en þær kröfur eru meðal annars:

- Að hann gangi ekki út frá aðeins einni menningu, heldur gerir ráð fyrir annarri menningu innan bekkjarins
- Að hann vinni gegn fordómum

- Að hann upphefji ekki eina menningu og hann leggji áherslu á jákvæðar hliðar allra menninga.
- Að hann kenni umburðarlyndi og samkennd í samskiptum, og sérstaklega þegar fólk frá mismunandi menningarheimum kemur saman.
- Að hann sé opin fyrir samvinnu með kennurum frá öðrum menningarheimum (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

Gert er ráð fyrir að uppeldisfræðin afnemi þann hugsunarhátt sem einkennir einsleit samfélög og er því mikilvægt að innleiða fjölmennningarlega kennslu á Íslandi (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Fjölmennningarleg kennsla er ætluð til þess að breyta skólaumhverfinu svo allir hópar innan menntakerfisins hafi jafna möguleika á menntun sama frá hvaða menningu eða landi einstaklingur er (York, 2003) Mikilvægt er því fyrir kennara að fara eftir fimm megin lögmálum fjölmennningarlegrar kennslu sem eru nauðsynleg fyrir skóla og kennslu en þau eru; uppeldi til samkenndar, uppeldi til samstöðu, uppeldi til virðingar, uppeldi gegn þjóðernishyggju og uppeldi gegn fordómum.

*Uppeldi til samkenndar* byggir á því að skilja aðra menningu og aðra menningarheima. Fjölmennningarleg kennsla leggur áherslu á samkennd barna, að kenna þeim að finna til með öðrum og setja sig í spor annarra. Uppeldi til samkenndar gegnir fyrst og fremst því hlutverki að örva víðsýni einstaklinga og hæfni til að velta fyrir sér vandamálum annarra út frá ólíkri menningu, útliti, trúarbrögðu eða hegðun. Þessi aðferð kennir börnum að virða það að það ekki séu allir eins og æfir þau í að sýna sýna umburðalyndi og skilning gagnvart öðrum einstaklingum og menningu (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

*Uppeldi til samstöðu* felur það í sér að kenna börnum að sýna samstöðu með þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Það er ekki stór hópur í samfélaginu sem sýnir samstöðu með minnihlutahópum og er stærsti hópurinn þeir sem eru óvirkir, það eru þeir sem horfa uppá misrétti eða mismunun eiga sér stað en stöðva það ekki. Uppeldi til samstöðu vinnur gegn því að ekkert sé gert í misrétti, og hvetur nemendur til að sýna stuðning hvort sem þeir tilheyra sama menningarhópi eða skeri sig úr á einhvern hátt (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

*Uppeldi til virðingar* kennir börnum að bera virðingu fyrir annarri menningu en sinni eigin, í því felst að kenna börnum að bera virðingu fyrir öðrum einstaklingum þrátt fyrir öðruvísi útlit eða aðra menningu. Í þessu samhengi er fræðsla um mismunandi menningarsamfélög mikilvæg og er forsenda fyrir því að fólk læri að meta það er þeim ókunnugt í stað þess að dæma og hafna (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

*Uppeldi gegn þjóðernishyggju* byggir á því að kennarar reyna að úskýra þröngsýni þjóðernishyggjunnar og stuðla gegn því að nemendur upphefji eigin menningu í samanburði við aðra ólíka menningarstrauma. Reynt er að hafa áhrif á einsleitán hugsunarhátt sem miðast við eina menningu og einn uppruna með því að hafa kennsluna sem fjölmennningarlegasta (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

*Uppeldi gegn fordómum* er ætlað til styðja nemendur að auka víðsýni og réttlætiskenns og til að draga fram þá fordóma sem eru í samfélaginu og gera þá sýnilega svo hægt sé að meðhöndla þá. Fordómar eiga sér stað í öllum samfélögum og eru þeir oft duldir og við tökum varla eftir þeim lengur, þá er átt við allskonar brandara, teiknimyndasögur augýsingar og fleira sem birtist í fjölmiðlum. Vekja þarf athygli nemenda fyrir þessum duldu fordómum og gera það að umræðuefni. Mikilvægt er fyrir kennara að draga þessa umræðu upp svo nemendur geri sér grein fyrir þeim fordómum sem eiga sér stað í samfélaginu, því ef þetta er borið fyrir framan nemendur athugasemdalaust festast þessar ranghugmyndir í hugarheimi þeirra sem getur gert þeim erfitt fyrir þeim síðar meir. Kennarar og uppáendur þurfa að hafa þessi fimm lögmál í huga þegar kemur að kennslu barna (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

Fjölmennningarleg kennsla stuðlar að bættri sjálfsmynd barna, umhverfið leyfir þeim að vera þau sjálf í öruggu umhverfi, undirbýr þau fyrir framtíðina. Fjölmennningarleg kennsla kemur í veg fyrir einangrun, börn verða opnari fyrir nýrri menningu og menningarheimum, og þau verða ekki hrædd við það ókunnuga (York, 2003, bls. 129-131).

## 5.1 Dæmi um kennsluaðferðir

Í því nútímasamfélagi sem við búum í er nemendahópurinn orðinn mun fjölbreyttari en áður fyrr, nemendur koma úr ólíkum fjölskyldum með ólíkan bakgrunn. Lífsviðhorf þeirra eru mismunandi og það sama gildir um áhugamál og hæfileika hvers og eins. Erlend börn hafa ólíka félagslega og námslega stöðu og þarfir þeirra eru einnig mismunandi. Því er mikilvægt að erlendir nemendur hafi jafnt tækifæri til náms eins og innlendu börnin til þess að eiga möguleika á að mennta sig og þroskast á viðeigandi hátt. Til þess að þetta gangi upp er mikilvægt að kennsluaðferðir kennara með blandaðan nemendahóp séu fjölbreyttar og nái til allra barna innan bekkjarins. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og margar þeirra er hægt að nýta í fjölmenningarlegri kennslu, eftirtaldar aðferðir eru dæmi um nokkrar sem nýtast vel í fjölbreyttum nemendahópi.

### Námsleikir:

Nám í gegnum leik er ein aðferð sem dýpkar skilning einstaklinga á stöðu hvers einstaklings innan hins fjölmenningarlega samfélags (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Börn læra aðferðir samvinnunáms ásamt því að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, þau leika sér á eigin forsendum, læra betur á umhverfið í kringum sig ásamt því að tengsl þeirra við önnur börn eflist (Aðalnámskrá leikskóla, 1999). Leikir krefjast mikils undirbúnings sem og nægan tíma til að leika þá, auk þess er umræða sem skapast eftir á eða í miðjum leik talin vera mikilvægasti parturinn af leiknum sjálfum. Umræðurnar geta verið mismunandi, þær geta verið um áhrif leiksins á hvern þátttakanda, ýmsar aðstæður sem komu upp í leiknum, hvað var sagt og gert, og svo framvegis. Leikir virkja alla eiginleika mannsins og þarf hann því að nota fleira en bara höfuðið. Markmið leikja getur verið margskonar, þegar unnið er með fjölmenningu ætti að leggja áherslu á að fræða nemendur um menningarlegan bakgrunn þeirra, kenna þeim að setja sig í spor annarra og að börnin læri að leysa ýmiss vandamál sem kunna að koma upp í bekknum, á skólalóðinni og í fjölbreyttum verkefnum (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Börn þurfa einnig að fá tækifæri til þess að leika frjálst, þar sem leikurinn er sjálfssprottinn og því ekki stýrður af fullorðnum einstaklingum, með frjálsum leik læra þau leið til sjálfsnáms (Valborg Sigurðardóttir, 1992). Þeir leikir sem valdir eru þurfa að hafa eftirfarandi markmið til þess að hægt sé að nýta þá í fjölmenningarlegri kennslu:



- Þáttakendur þurfa að þekkja menningarlegan bakgrunn sinn.
- Þáttakendur öðlist frekari þekkingu á mismunandi menningarsvæðum/hópum.
- Þáttakendur þurfa að geta sett sig í spor annarra (samkennd), ásamt því að geta lifað sig inní ólíka menningarheima.
- Að auka næmni þátttakenda fyrir ólíkum menningarlegum gildum.
- Þátttakendur geti skilgreint hvað er líkt og ólíkt með mismunandi menningarhópum.
- Að þátttakendur átti sig á ólíkum gildum og reglum.
- Þátttakendur læri að takast á við þann ágreining sem kann að koma upp og vinni úr honum á friðsamlegan hátt.
- Viðurkenning eigin fordóma (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

Hvort öll þessi markmið náist fer alveg eftir tegund leiksins, en það er alveg eðlilegt að ekki geta allir leikir uppfyllt öll þessi markmið. Í fjölmennningarlegu uppeldi er markmið leikjanna að hvetja og örva nemendur á sem hugmyndaríkastan hátt. Nauðsynlegt er að leikirnir hæfi hverjum hópi á þann hátt að allir geti verið með. Þeim er alltaf hægt að breyta og bæta þá eftir þörfum og meira segja búa til eitthvað alveg nýtt úr þeim. Gott væri fyrir kennara að prófa leikina sín á milli áður en þeir yfirfæra þá á nemendurnar. Þetta gæti hjálpað þeim að gera sér grein fyrir því hvaða leikir henta hverju sinni til þess að ná settum markmiðum (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Í bók Ingvars Sigurgeirssonar (1999) kemur fram að möguleiki sé á því að búa til ýmiss námsspil, það er gert í tengslum við það námsefni sem unnið er með til þess að brjóta upp hina hefðbundnu kennslu. Þetta er eitthvað sem nemendur geta unnið sjálfir þar sem ímyndunaraflið og sköpun þeirra fær að njóta sín.

### **Hlutverkaleikur:**

Þessi kennsluáferð byggist á því að nemendur setja sig í spor mismunandi persóna sem þurfa að kljást við ýmiss málefni. Hún flokkast undir innlifunaraðferðir og er talin gegna mikilvægu hlutverki í þroska barna. Þau setja sig í spor annarra, vinna úr eigin reynsluheimi og takast á við ímyndaðar aðstæður. Nemendur nota því sína eigin reynslu og reynsluna af hlutverkaleiknum til að fást við ýmsar tilfinningar. Við þessar aðstæður fer mikill lærdómur fram, skilningur og nám á sér stað þegar börn ræða, rifja upp og tengja

aðstæður við raunveruleikann. Þetta getur einnig auðveldað þeim að ímynda sér hvernig hægt sé að bregðast við mismunandi aðstæðum. Þetta hefur þroskandi áhrif á börn, þau sjá og átta sig á mismunandi skoðunum og sjónarhornum annarra og læra að sýna skilning og virðingu fyrir því (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004). Hlutverkaleiknum fylgja oft fjölbreyttar umræður sem gefa kennaranum tækifæri til þess að ræða hin ýmsu mál við nemendur sína, til dæmis um ólík viðhorf, tilfinningar og sjónarmið. Hlutverkaleiki er hægt að nota í fjölbreyttum námsgreinum, þar sem markmið þeirra er að virkja alla nemendur og vekja áhuga. Nemendur þjálfast í samvinnu, ímyndunaraflið fer á flug ásamt því að það reynir á talað mál og hlustun nemenda (Ingvar Sigurgeirsson, 2005). Eftirfarandi atriði eru dæmi um þau viðfangsefni sem hlutverkaleikurinn hentar einstaklega vel til;

- Lausn á daglegum samskiptum og vandamálum sem kunna að koma upp í skólastofunni, á skólalóðinni, á milli bekkjarfélaga og fleira. Þar geta nemendur farið í hlutverk samskiptaágreinings og reynt að finna lausn á vandamálinu.
- Í samfélagsfræði og sögu, þar sem talað er um mismunandi menningu og menningahópa, nemendur geta farið í hlutverk ólíkra einstaklinga frá ólíkum löndum.
- Í bókmenntakennslu, þar sem nemendur fara í ólík hlutverk persóna og atburða í sögunum.
- Umræðum um mismunandi viðfangsefni eða álitamál (Ingvar Sigurgeirsson, 2005).

### **Samvinnunám:**

Samvinnunám er kennsluaðferð sem hentugt er til að styðjast við í fjölbreyttum nemendahópi. Þessi aðferð heitir CLIM (Cooperative Learning in Multicultural Groups) og er á íslensku kölluð samvinnunám. Hún byggir á aðferðum sem gera nemendum kleift að öðlast færni og þjálfun í mismunandi hlutverkum ásamt því að læra að vinna saman í þörum eða hóp. Samvinnunám er því í raun kennsluaðferð sem leggur áherslu á hópvinnu nemenda (Guðrún Pétursdóttir, 2003).

Guðrún Pétursdóttir (2003) nefnir aðferðina SAFN (samvinna í fjölbreyttum nemendahópi). Þar eer tekið mið af fjölbreytileikanum og er hver nemandi hvattur til

Þess að nýta hæfileika sína í námi. Verkefni í þessarri kennsluáðferð er hentug til þess að auka félagsfærni nemenda á þann hátt að þrjú atriði innan aðferðarinnar nýtist sem best. Í fyrsta lagi eykst færni nemenda til þess að vinna með öðrum, í öðru lagi öðlast þeir þekkingu á því að nýta hæfileika sína á sem bestan hátt og í þriðja lagi læra þeir að bera virðingu fyrir hvort öðru og hæfileikum hvers og eins. Kennsluáðferðin hjálpar hverjum nemanda fyrir sig að auka skilning sinn á námsefninu ásamt því að stuðla að betri félagsþroska með því að allir þátttakendur séu virkir þátttakendur. Þeir hjálpast síðan við að ná settum markmiðum en hver og einn ber ábyrgð á sínu námi innan hópsins. Hópnum er skipt niður í minni hópa þar sem hver nemandi hefur ákveðið hlutverk til þess að leysa. Í hverjum hóp fyrir sig ræða börnin saman á jafningjagrunvelli sem gerir það að verkum að námsárangur allra nemenda eykst hvernig sem þeir eru staddir námslega séð.

Tilgangurinn með samvinnuhópum er að gera hvern meðlim að sterkari einstaklingi. Ábyrgð einstaklingsins er lykilinn í að því að allir hópmeðlimir styrkist með því að læra samvinnu. Eftir að vera þátttakandi í samvinnuhóp er einstaklingurinn betur undirbúinn að takast á við svipað verkefni sjálfur (Johnson og Johnson 1999).

Árangur samvinnunnar fer síðan eftir því hvernig nemendur ná að vinna saman til að ná settum markmiðum. Ef einn vinnur ekki vinnuna sína hefur það áhrif á allann hópinn. Árangur hvers nemanda er háður árangri allra innan hópsins. Umræða nemenda í hverjum hópi er mikilvæg til þess að lærdómurinn verði sem mestur. Þekking kennarans á samvinnunámi er nauðsynleg til þess að vinnan þeirra skili sem mestum árangri. Til þess að árangurinn verði sem mestur er gott að hafa hópana minni, eða 2-4 saman, svo að allir nái að vinna úr hlutverki sínu á þann hátt að erfitt er fyrir hópmeðlimi að komast undan að sinna hlutverki sínu innan hópsins. Hér er fjölbreytileiki nemenda mikill kostur sem skilar góðu samstarfi (Johnson og Johnson 1999). Johnson, Johnson og Holubec (1994) telja að best sé að styðjast við fimm grundvallarþætti svo samvinnunámið gangi sem best fyrir sig, þeir eru;

- *Jákvæð gagnkvæm tengsl*, verkefnin og markmiðin verða að vera skýr þannig að allir átti sig á því sem þarf að gera. Hópmeðlimir verða að vera

meðvitaðir um það að framlag hvers og eins gagnist öllum hópnum. Hópurinn eflist með góðri samvinu og allir eru háðir hver öðrum. Þetta er mikilvægasti þátturinn í samvinnunáminu.

- *Ábyrgð hvers og eins og hópsins*, allir þurfa að taka virkan þátt til þess að ná settum markmiðum. Hver tekur ábyrgð á sinni vinnu og framlagi til hópsins.
- *Hvetjandi samskipti*, stuðningur og hvatning er mikilvægt atriði sem þarf að halda vel um. Nemendur þurfa að vera duglegir að ræða sín á milli um verkefni sem þau glíma við, hvort sem um er að ræða lausnir eða vandamál sem kunna að koma upp við ýmsar aðstæður.
- *Samskipti innan hópsins*, allar ákvarðanir verða að vera teknar í sameiningu því annars er hættu á árekstrum og ágreiningi.
- *Afköst hópsins*, hópurinn ræðir saman stöðu hópsins, hvað gekk vel og hvað ekki.

Þessir þættir eru mikilvægir til þess að samvinna milli nemenda gangi sem best fyrir sig og skili sem mestum árangri.

### **Púslaðferðin**

Þessi aðferð er samvinnunám sem nær til námslega og félagslegra markmiða. Kennarinn skiptir bekknum í vinnuhópa og námsefninu er skipt í hluta. Hver nemandi fær sérstakt hlutverk til að kynna sér og kennir það síðan fyrir hinum í hópnum. Hér er virkni allra nemenda mjög mikilvæg svo að aðferðin skili sem mestum árangri. Markmið púslaðferðarinnar er að allir hópmeðlimir læri námsefnið á sem árangursríkasta hátt. Sama hvar hver nemandi er staddur námslega séð, þarf hann að taka virkann þátt og ber því ábyrgð á sínu hlutverki. Allir nemendur eru þátttakendur í tveimur hópum, annars vegar sérfræðingahóp, og hinsvegar heimahóp. Í sérfræðingahópnum hittast nemendur og öðlast frekari þekkingu á því viðfangsefni sem þau höfðu fengið úthlutað, þeir reyna í sameiningu að ná tökum á því efni og ræða aðferðir til að kenna það, í heimahópum

sínum kynnir hver einstaklingur fyrir hinum það sem hann lærði (Johnson og Johnson 1999). Þessi aðferð byggir á sjö eftirfarandi skrefum:

**1. Námsefnið ákveðið og skipulag:**

Námsefninu er skipt niður, hvort sem námsefnið er búið til eða stuðst er við útgefið efni. Oft er þörf á viðbótargögnum sem kennarinn þarf þá að útbúa sérstaklega.

**2. Hópskipting:**

Nemendum skipt í nokkra fjölbreytta hópa. Í heimahópum er skipaður einn formaður, síðan skiptast börnin á að gegna því hlutverki.

**3. Hópstyrking:**

Markmiðið með hópstyrkingu er að nemendur verði öruggarri með að vinna með hvort öðru.

**4. Heimahópar verða til:**

Allir fara í sína heimahópa og fá úthlutað hlutverkum ásamt því að fá leiðbeiningar um það hvernig vinnan á að fara fram.

**5. Vinna í sérfræðingahópum:**

Allir með sama námsefni fara í sérfræðingahópa og hjálpast að við að öðlast frekari þekkingu á því efni sem þau fengu úthlutað. Hér er samræða milli nemenda mikilvæg því mikið nám fer í gegnum hana.

**6. Sérfræðingar kenna:**

Sérfræðingar fara í heimahópanna sína og kenna hinum það námsefni sem þau hafa lært. Mikilvægt er að ganga úr skugga að allir nemendur hafi öðlast betri þekkingu á námsefninu, ef ekki þá þarf að útskýra betur.

**7. Námsmat:**

Hver nemandi er prófaður úr námsefninu sem lagt var fyrir (Ingvar Sigurgeirsson, 1999).



## 6 Lokaorð

Eins og fjallað hefur verið um hér að ofan er Ísland orðið fjölmennningarlegt samfélag og þarf að bregðast við þessum hröðu breytingum sem eiga sér stað. Innflytjendum hefur fjölgað töluvert hér á landi og því þarf að búa til aðstæður til að koma til móts við þennan nýja hóp. Nútíma samfélag einkennist af mikilli fjölbreytni sem gerir það að verkum að skólasamfélagið þarf að vinna markvisst að því að kenna nemendum fjölmenningalega hæfni, í henni felst fjölmennningarleg hugsun, virðing fyrir annarri menningu, trú og hefðum og fleira. Fjöldi erlendra nemenda í grunnskólum landsins fer vaxandi og til þess að allir nemendur hafi tækifæri á námi við hæfi er mikilvægt að umhverfið og aðstaðan sé viðeigandi. Íslenskukennsla í grunnskólum þarf að vera markviss til að hægt sé að skapa þeim jöfn skilyrði til náms. Til að stuðla að betri námsárangri er nauðsynlegt að áhersla sé lögð á einstaklingsmiðað nám sem hæfir hverjum og einum ásamt því að kennsluaðferðir sem notaðar eru í skólum landsins séu það fjölbreyttar að þær nái til allra nemenda. Hér kemur fjölmennningarlega kennsla inn sem gegnir því hlutverki að fræða nemendur svo þeir öðlist fjölmennningarlegan hugsunarhátt og virðingu fyrir fjölbreytileikanum sem finna má í skólasamfélaginu. Í kennslu er fjölbreyttni nemendahópsins nýtt svo að nemendur hafi tækifæri á að læra hver af öðrum þannig að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín. Kennarar verða að vera vel upplýstir hvað varðar mismunandi stöðu og uppruna nemenda sinna svo aðlögun þeirra að nýjum skólum fari sem best fram og þau hafi tækifæri á að læra og þroskast á sinn hátt sem gerir það að verkum að skólaganga þeirra verði farsælli.

Námsefni fyrir erlend börn þarf að vera fjölbreytt til þess að nemendur nái sem bestu tókum á lesskilningi og auknum orðaforða. Þekking kennara á fjölbreyttri menningu, þjóðerni og hefðum þarf að vera góð til þess að geta tekið á móti erlendum nemendum og komið til móts við þá. Það er einnig mikilvægt að kennarar séu vakandi fyrir nýjum aðferðum sem gætu auðveldað þeim kennslu í fjölmennningarlegum bekk, með því er hægt að koma betur til móts við alla innan bekkjarins. Íslenskt skólasamfélag hefur lagt aukna áherslu á fjölmenningarstefnu sem tryggir erlendum börnum betri árangur í námi sem og sterkari félagslega stöðu. Skólarnir þurfa að vera tilbúnir til að taka á móti nemendum af erlendum uppruna og því er mikilvægt að skólar hafi ákveðnar móttökuáætlanir sem

auðvelda bæði móttöku erlendra barna sem og aðlögun þeirra innan skólans. Í henni er að finna allar þær upplýsingar sem þörf er á til þess að þessir þættir gangi sem best fyrir sig.

Með fjölgun minnihlutahópa er hættu á að það skapist neikvæð umræða í samfélaginu sem leiðir til neikvæðra fordóma. Það eru skoðanir fólks sem byggðar eru á fyrirfram ákveðnum hugmyndum um hóp einstaklinga sem hefur sömu einkenni, til dæmis af sama uppruna. Birtingarmynd fordóma getur verið sýnileg og ósýnileg en með aukinni fræðslu á fjölmenningu er hægt að koma í veg fyrir mikla fordóma í samfélaginu því fordóma má rekja til vanþekkingar fólks á því sem það þekkir ekki. Það er mikilvægt fyrir uppalandur að stuðla að fordómalausum uppeldi barna því þau tileinka sér það sem þeim er kennt og það sem þau sjá. Börn fæðast fordómalaus og það er hlutverk uppallenda og samfélagsins að viðhalda því með bestu getu. Einnig er nauðsynlegt að öll börn hljóti viðeigandi fræðslu um uppruna sinn þar sem það er talið efla sjálfsvirðingu og sjálfsvitund þeirra. Uppruni fordóma eru oftast staðalmyndir sem myndaðar hafa verið innan samfélagsins, þær geta verið bæði góðar og slæmar en oftast eru það ákveðnar hugmyndir sem fólk festir í minni sínu. Neikvæðar staðalmyndir eru í vaxandi mæli notaðar til að ögra og efna til ofbeldisverka. Mismunandi menningu er að finna í hverju samfélagi og skapast hún af fjölskyldumynstrum, samskiptum fólks, hefðum og fleira. Gott er að hafa í huga að börn eru stór þáttur af mótun menningar og er hún því óhjákvæmileg í menntun allra barna. Menning er talin vera virk, breytileg og sveigjanleg og nauðsynlegt er að stuðla að góðri aðlögun innflyjenda að nýju samfélagi þar sem þau fá tækifæri á að viðhalda sinni eigin menningu og samþætta hana við þá ríkjandi. Í kaflanum *Fjölmenningarlegt samfélag* fjölluðum við um þrjár megin leiðir til aðlögunar sem eru *samlögun*, *samþætting* og *aðskilnaður* en með samþættingu ná innflytjendur að blanda saman menningum án þess að þurfa hafna annarri. Það er eitthvað sem við teljum geta reynst öllum vel.

Hlutverk trúarbragða í samfélaginu hefur aukist á undanförunum árum og nauðsynlegt er að gefa þeim meiri gaum þegar fjallað er um fjölmenningarlegt samfélag. Við teljum mikilvægt að fjallað sé um trúarbrögð á jöfnum grundvelli og ekki sé gert lítið úr annarri trú. Svo fjölmennig sé viðurkennd í skólakerfum landsins þarf að vera mikil samvinna stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda, gangkvæm virðing og námsskrá verður að vera sveigjanleg. Trúarbragðarfræðsla í skólaum gegnir mikilvægu hlutverki og



hjálpur einstaklingum að öðlast betri skilning á mismunandi menningu, sig sjálfa og aðra. Kennurum getur reynst fræðslan erfið þar sem fullorðnir einstaklingar hafa myndað sér ákveðnar skoðanir sem geta mótað kennslu þeirra. Til þess að koma í veg fyrir það er nauðsynlegt að kennarar tileinki sér fjölbreyttan hugsunarhátt og hlutleysi í kennslu.

Að okkar mati er þörf á frekari fræðslu á sviði fjölmenningar og er ýmislegt sem betur mætti fara. Fræðslan ætti að byrja strax í leikskóla þar sem leikskólarnir eru orðnir fjölmenningarlegri en áður og með markvissri vinnu með börnum um fjölbreytileikann í kringum þau ætti að vera hægt að sinna fordómalaus uppeldi. Þörf er á greiðari aðgang að upplýsingum fyrir innflyjendur hér á landi sem gerir þeim kleift að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Til þess að þeir hafi möguleika á því að taka virkan þátt er nauðsynlegt að íbúar landsins séu vel upplýstir um þann fjölbreytileika sem er að finna í íslensku samfélagi. Allir ættu að fá tækifæri á því að stunda sína trú svo lengi sem hún hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfið í kring. Við vonum að innihald ritgerðarinnar okkar geti upplýst þann sem les um kosti og galla fjölmenningarlegs samfélags, hvað betur mætti fara og hvernig hægt er að ná viðeigandi markmiðum í fjölmenningarlegri kennslu.



## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá Grunnskóla, samfélagsfræðihluti. Greinasvið 2013. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- American Psychological Association. (2009). *Publication manual of the American Psychological Association* (6. útgáfa). Washington: Höfundur.
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2004). *Leiklist í kennslu: Handbók kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Alþingi. (2008). Lög um grunnskóla. Sótt af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>
- Álfhólsskóli. (e.d.). Sótt af <http://alfholsskoli.is/index.php/skolinn/umskolann>
- Banks, J. A. (2007). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. McGee Banks (ritstj.). *Multicultural education: Issues and perspectives* (bls. 3-32). Hoboken, NJ: Wiley.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2009). Tvítýngi, annað mál, erlent mál. *Málfríður*, 24(1), 17-23.
- Cummins, J. (1996). Negotiating identities: Education for empowerment in a diverse.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). *Móðurmál og tvítýngi*. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmennig á Íslandi* (bls. 101-125). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfa.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2000). Tvítýngd leikskólabörn. *Uppeldi og menntun*, 9(1), 95-109.
- Erickson, F. (2005). Culture in society and in educational practices. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues and perspectives* (5. Útgáfa), (bls. 31 – 60). New York: John Wiley and Sons, Inc.
- Félagsmálaráðuneytið. (2007, janúar). Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Sótt af [http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobatskjal/Stefna\\_um\\_adlogun\\_innflytjenda.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobatskjal/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf)
- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Guðrún Pétursdóttir. (1999). *Fjölmenningarleg kennsla: Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík: höfundur.
- Guðrún Pétursdóttir. (2006). Hvað er fjölmennningarhyggja? Verður hún að lokum til þess að allir í heiminum tilheyri sömu þjóðinni? Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5746>
- Guðrún Pétursdóttir. (2001). Kynþáttafordómar og leiðir til að vinna gegn þeim. *Vera*, 20(3), 18-19.
- Guðrún Pétursdóttir. (2003). *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmenningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík, Bókaútgáfan Hólar.
- Gunnar J. Gunnarsson. (2012). Trúarbragðafraeðsla í samfélagi margbreytileikans. *Netla veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/rvn/006.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2011). Innflytjendur 1. janúar 2011. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=5679>
- Hagstofa Íslands. (2013). Grunnskólanemendur með erlent móðurmál. Sótt af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO02103%26ti=Grunnsk%F3lanemendur+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E1l+1997%2D2013++++%26path=./Database/skolamal/gsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>
- Hagstofa Íslands. (2013). Innflytjendum fjölgar lítillega. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9569>
- Hanna Ragnardóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. (2010). Kennarar og kennarastarf í fjölmenningarlegu samfélagi: Raddir kennara innflytjendabarna. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 77-90.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Íslenskir skólar og erlend börn: Skólaþróun í fjölmenningarlegu samhengi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 145-153.
- Harpa K. Gísladóttir. (2005). Staðalmyndir – félagsleg hugsmíð: er staðalímynd konunnar tæki samfélagsins til að halda henni niðri á meðvitaðan og ómeðvitaðan hátt?. *Vera*, 24 (2) 40-42.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Johnson, D., Johnson, R. og Holubec, E. (1994). *Cooperative Learning In the Classroom*. Alexandria: Association for Supervisions and Curriculum Development.

- Johnson D. W., R.T. Johnson. 1999. *Learning Together and Alone, Cooperative, Competative and Individualistic Learning*. Boston, Allyn&Bacon.
- Kolbrún Ósk Hrafnadóttir. (2002). Saklaust grín eða fordómar?. *Vera*, 21(6), 11.
- Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. (2007). Fjölmenningarleg kennsla í Manitoba í Kanada, í Noregi og á Íslandi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, (137-156).
- Kristján Kristjánsson. (2002). *Mannkostir; Ritgerðir um siðfræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952.
- Magnús Þorkell Bernháðsson. (2007). *Mismunur og mismunun: um hlutverk trúarbragða í fjölmenningsamfélögum*. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernháðsson (ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 43-52). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfa.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Flóttamenn og hælisleitendur. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/flottamenn-og-haelisleitendur>
- María Ingunn Þorsteinsdóttir og Auður Hermannsdóttir. (2012). Ýta auglýsingar undir staðalímyndir kyjanna að mati auglýsingagerðarfólks. Í Ingjalður Hannibalsson (ritstjóri). *Þjóðarspegilinn 2012* (bls. 1-5). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2010). Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Sótt af <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=5ed99731-e461-4a74-b88c-c4b10fae3474>
- Námshagstofnun. (2009). Námsefni sem nýtist nemendum með annað móðurmál en íslensku. Sótt af [http://nams.is/library/Kynningarefni/namsefni\\_annad\\_modurmál\\_LQ.pdf](http://nams.is/library/Kynningarefni/namsefni_annad_modurmál_LQ.pdf)
- Parekh, B. (2000). *Rethinking multiculturalism: Cultural diversity and political theory*. Cambridge: Harvard University Press.
- Renata Emilsson. (2013). Móðurmál. *Málfríður*, 29(1), 20-21.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). Fjölmenning. Sótt af <http://reykjavik.is/fjolmenning-0>

- Reykjavíkurborg. (2013). Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/islenska\\_0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/islenska_0.pdf)
- Reykjavíkurborg. (e.d.). Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Sótt af <http://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>
- Sigurður Pálsson. (2011). Trúarbragðafræðsla í skólum: Af vettgangi Evrópuráðsins og ÖSE. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://skemman.is/is/stream/get/1946/12431/30829/1/sigpal.pdf>
- Toma, T. (2007). Fordómar og starf gegn fordómum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmennig á Íslandi* (bls. 57-73). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfa.
- Valborg Sigurðardóttir. (1992). Leikurinn – sjálfstjáníng og sjálfsnám. Í Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir og Svandís Skúladóttir (ritstjórar), *Leikur og leikgleði. Afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur*. Reykjavík: Fósturskóli Íslands.
- Velferðarráðuneytið. (2007). Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Velferðarráðuneytið.
- Wyness, M. (2006). *Childhood and society: An introduction to the sociology of childhood*. Palgrave Macmillan. New York.
- York, S. (2003). *Roots and Wings: Affirming culture in early childhood programs*. Minnesota: Redleaf Press.